

10

REGLUGERÐ

22. jan.

um breyting á reglugerð nr. 133 28. des. 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

Úr 12. gr., lið C. 4., falli niður orðin: „Ef félag endurkaupir hlutabréf af hluthöfum sínum hærra verði en nafnverð þeirra hljóðar, telst mismunurinn arður til hluthafa. En þótt hluthafi selji einhverjum öðrum hlutabréf sín með hagnaði, telst það eigi til tekna, nema það heyri undir sölugróða samkv. 13. gr. c-lið.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. janúar 1946.

Pétur Magnússon.

Einar Bjarnason.

11

AUGLÝSING

22. jan.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 48 10. júní 1920, sbr. reglugerð nr. 79 7. ágúst 1936.

Öll gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni, nema lestagjald af strandferðaskipum, skulu innheimt með allt að 100% viðauka.

Breyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 8. nóvember 1915, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. janúar 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

12

AUGLÝSING

23. jan.

um breyting á gjaldskrá fyrir rafmagnsveitu á Hofsósi, nr. 97 12. okt. 1932.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Verð á rafmagni um hemil skal vera 500 — fimm hundruð — krónur, fyrir eitt árskilóvatt.

Verð á rafmagni um kilóvattstundamæli til ljósa skal vera sem hér segir:

Minnta ársgjald er kr. 46.00 — fjörutíu og sex — krónur, og má fyrir þá upphæð nota 46 kilóvattstundir. Fyrir það, sem notað er fram yfir, greiðist 1.00 kr. — ein króna — fyrir kilóvattstund.